



**Steinsstaðir í  
Hafnarfirði/Hamarsbraut 16**  
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

**Auður Blöndal  
Ragnheiður Traustadóttir**

**2005/43**

Inngangur .....	2
Tilgangur fornleifaskráningar .....	2
Fornleifaskráning og aðferðir .....	5
Aðferð við skráningu .....	5
Jarðanúmer .....	5
Tegund, hlutverk og heiti .....	5
Staðhættir og lýsing .....	6
Hættumat .....	6
Heimildir .....	6
Saga Steina .....	7
Fornleifaskrá .....	8
Samantekt .....	10
Heimildir .....	11
Teikningar .....	12
Ljósmyndaskrá .....	14

## **Inngangur**

Vorið 2005 leitaði Byggðasafn Hafnafjarðar fyrir hönd umhverfis- og tæknisviðs Hafnafjarðarbæjar til Fornleifaverndar ríkisins eftir formlegu álitni á fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi lóðar við Hamarsbraut 17 í Hafnarfirði. Í svarbréfi Fornleifaverndar kemur fram að nauðsynlegt sé að minjarnar á svæðinu sem breytingarnar ná yfir verði skráðar nákvæmlega og könnunarskurðir grafnir til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvistarlög séu undir yfirborði. Sá starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga um skráningu minjanna, Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, og Auður Blöndal, nemi í fornleifafræði, en Fornleifavernd annaðist könnunaruppgröft.

Fyrirhugaðar framkvæmdir ná yfir lóðina norðan við Hamarsgerði 17. Á þeirri lóð standa grunnur og veggjabrot steinbæjarins Steina (Steinsstaða), leifar útihúss og steinhlaðinn garður. Bærinn var rifinn í júlí 1998 án leyfis minjavörslunnar. Hvorki gafst færi á að mynda né mæla upp bæinn áður en það var gert. Bærinn var síðasti uppistandandi steinbærinn í Hafnarfirði og olli þetta því vissu uppnámi í bæjarkerfinu. Í bréfi sínu til Fornleifaverndar ríkisins greinir Byggðasafn Hafnafjarðar frá þeirri hugmynd að gera mætti Steinsstaði að “sérstökum Hafnafirskum minjastað, þar sem rústir Steinsstaða yrðu verndaðar og þær jafnvel endurgerðar og þannig með áþreifanlegum hætti haldið á lofti minjum og sögum síðasta steinbæjarins í Hafnarfirði”. Fornleifavernd er jákvæð fyrir slíkum hugmyndum en telur það umfram allt vera ákvörðun Hafnafjarðarbæjar, enda myndi kostnaður fyrst og fremst lenda á sveitarfélaginu. Minjagildi steinbæjarins var þó rýrt verulega árið 1998, og tóftir útihúsinsins voru einnig raskaðar við byggingu íbúðarhúss við Hamarsbraut 14 árið 1985.

## **Tilgangur fornleifaskráningar**

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á

staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráningu eru fornleifar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 (ef jörðin er í ábúð á þeim tíma).<sup>1</sup> Með hverri jörð fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

### Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit, þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

### Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Steinsstöðum/Hamarsbraut 17 - 120737 og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, ef að jörðin hefur verið komin í ábúð 1843. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar fyrir sig, bæjarstæði á Steinsstöðum væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Steinsstaðir 120737-1.

### Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því

---

<sup>1</sup> J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Stórarvarða eða Maríuhellar, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

### **Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

### **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Í flestum tilvikum við skráninguna var notað “Hætta vegna framkvæmdar” þótt ekki sé nákvæmlega vitað hvar verður byggt, þar sem deiliskipulag fyrir allt svæðið liggur ekki fyrir.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrir segir, leynst undir sverðinum.

### **Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls

eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því, að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

## Saga Steina

Lítið er til af ritheimildum sem varða Steina og ekki er til túnakort. Þetta stafar sjálfsagt af því að bærinn var lítil með takmörkuð umsvif. Talið er að bærinn hafi verið byggður 1887 eftir að búsetu í Sjóbúðarbæjunum var hætt. Eldra nafn á honum er Steinsstaðir.


Fyrsti ábúandi hét Guðmundur

Grímsson, fæddur 1828, og bjó hann á Steinum 1887-1984. Hann mun hafa flust frá Hafnarfirði 1904 og dáið á Neðra-Apavatni 1908. Síðasti ábúandi mun hafa verið Jón Guðmundsson sem fór frá Steinum 1915. Brunabótamat gert árið 1917 greinir frá því að íbúðarhúsið sé notað sem geymsla.

Í óútgefnu riti Gísla Sigurðssonar kemur fram að útveggir og þak bæjarins standi enn. Í afsalsbréfi er sagt að hann sé “7x10 álnir að ummáli. Veggir utan hlaðnir úr höggnu grjóti.

Þak og stafnar járnvarið. Allur þiljaður innan með ¾ panelborðum. Bænum

var skipt í þrennt. Auk þess gangur. Allt innan dyra málað, tvær fylningshurðir og tvö gluggafög, múrpípa og tvö eldfæri. Bærinn var virtur á 1010, 25 kr. Lóðin á kr.2686,00 og var 5372 ferálnir að stærð. Bærinn var með lágum veggjum og háu risi. Skúr var á suð-vesturhlið og náði þakið upp í miðja þekjuna á bænum. Norður sneru dyrnar. Til vinstri handar er inn var komið voru dyrnar í bæinn, en þar var lítil gangur og dyr í hvorn enda” (Gísli Sigurðsson: bls. 422).





## Fornleifaskrá

### Steinsstaðir 120737 -1

**Sérheiti:** Steinar (Steinsstaðir)

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Rústir

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Verklegar framkvæmdir



*Mynd 1. Steinhús, horft í suður*

Liggur um 3 m NV við núverandi íbúðarhús við Hamarsgerði 17. Veggirnir eru um 6x5 m að utan. Þeir hafa verið steiptir utan um steina, steypa er enn á hálfum innanverðum austurvegg og á vestri vegg sunnan inngangs. Vegg hæð er ca. 1.10-1.20 m. Tveir veggir standa uppi, en steinhleðslur marka grunninn í NV og SA enda hússins. Mikið af lausum steinum er inni í húsinu, mest næst veggjunum. Viður er í innanverðum NA vegg að norðan, efst á veggnum.

Utan við húsið að suðvestan er jarðvegurinn upphækkaður svo að þar myndast lítill hóll. Á honum er meira af illgresi en grasi, og mikið af steinum. Norðaustan og austan við húsið er einnig illgresi og steinar umhverfis, en ekki þó sýnilega upphækkað. Plastmotta er undir nokkrum steinanna svo að við þá hefur verið átt fremur nýlega.

### Steinsstaðir 120737 -2

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta


**Hættuorsök:** Verklegar framkvæmdir



Mynd 2. Tóft, horft í norðvestur

Útihús er ca. 12 m vestan við norðurhorn núverandi íbúðarhúss. Þetta er hár og mjög brattur hóll, um 1.20 m á hæð og um 4 m að ummáli. Tvær syllur eru innan í honum efst; önnur grunn og flöt, en sú fyrir austan um 15 cm dýpri með steinum í botninum. Þröng rás er út úr henni að norðaustan í gegnum vegginn.

Svæðið hefur verið raskað þegar nágrannahúsið að Hamarsbraut 14 var byggt og möl og frágangi hrúgað þar ofan á. Auk þess hefur nágrannakonan farið í þennan haug til að sækja sér gróðurmold, sem gæti hafa myndað syllurnar tvær sem er lýst að ofan.



### Steinsstaðir 120737 -3

**Hlutverk:** Garður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Verklegar framkvæmdir



Mynd 3. Garður austan við hús, horft í vestur

Sunnan við steinhúsið, um metri að breidd og ca. 20-25 cm hár. Rennur niður bratta brekku þar sem hann hverfur inn í tré. Næst er hægt að sjá 2 m búi af honum um 10 m NNA við steinhúsið áður en hann hverfur aftur undir tré. Garðurinn ætti að geta sést þegar hann kemur aftur upp að norðan, en gróður var svo mikill þegar var skráð að ekki var hægt að greina nokkuð.

## Samantekt

Steinbærinn við Hamarsbraut 17 og fjós og garður sem honum fylgdu eru svo raskaðir auk þess sem hann stendur í miðri íbúðabyggð og er ekki hluti af fornu menningarlandslagi, að ekki þykir nein ástæða til að varðveita hann eða byggja hann upp. Engar heimildir eru heldur til um bæinn sem er hægt að styðjast við ef ráðist yrði í endurgerð. Hann er ekki ýkja gamall, reistur seint á 19. öld, en minjagildi hans varð að engu árið 1996, þegar hann var rifinn. Frekara rask er þó óheimilt nema með samþykki Fornleifaverndar ríkisins. Sem fyrr segir gróf Fornleifaverndin könnunarskurði í rústirnar. Um niðurstöður úr þeim vísast til Fornleifaverndarinnar.

## Heimildir


Magnús Jónsson: Bær í byrjun aldar:Hafnarfjörður. Hafnarfirði. 1987.

Gísli Sigurðsson: Hús og bæir í Hafnarfirði. Líf og Þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14. öld. Óútgefið.

Engin dagsetning.

Sigurbjörg Hilmarsdóttir: munnleg heimild 11.07.2005

Virðingabók Brunabótafélags Íslands fyrir Hafnarfjörð. Tímabilið 14. október 19116 – 29. ágúst 1917.




Steinsstaðir 120737-2

Útihús

11.júlí 2005

Auður Blöndal



## Ljósmyndaskrá

<b>Mynd nr.</b>	<b>Heiti</b>	<b>Ljósmyndari</b>
1	Steinhús	Auður J. Blöndal
2	Útihús	Auður J. Blöndal
3	Garður	Auður J. Blöndal
4	Steinhús	Auður J. Blöndal
5	Steinhús	Auður J. Blöndal
6	Steinhús	Auður J. Blöndal
7	Steinhús	Auður J. Blöndal
8	Steinhús	Auður J. Blöndal
9	Steinhús	Auður J. Blöndal
10	Steinhús	Auður J. Blöndal
11	Steinhús	Auður J. Blöndal
12	Steinhús	Auður J. Blöndal
13	Steinhús	Auður J. Blöndal
14	Steinhús	Auður J. Blöndal
15	Steinhús	Auður J. Blöndal
16	Útihús	Auður J. Blöndal
17	Garður	Auður J. Blöndal
18	Garður	Auður J. Blöndal
19	Núverandi íbúðarhús	Auður J. Blöndal
20	Steinhús	Ragnheiður Traustadóttir
21	Fjós	Ragnheiður Traustadóttir
22	Steinhús	Ragnheiður Traustadóttir